

Ed.

564. Þingsályktun

um verndun frægra sögustaða.

(Afgreidd frá Ed. 15. maí).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fela Þingvallanefndinni að gera tillögur um verndun frægra sögustaða og leggja þær niðurstöður fyrir næsta Alþingi, einkum þau tvö atriði, sem hér skal greina:

- A. Um verndun Þingvalla, bæði að því er snertir þinghelgina, skóginn og öll hin fornu sjereinkenni hjeradsins.
- B. Hvort tiltækilegt þætti að reisa bæi í fornum stíl á Bergþórshvoli, Hliðar-enda, Reykholti og Hjarðarholti í Dölum, og hve mikið það mundi kosta.